




Contracts2Share

Contracts2Share hentar mjög vel fyrir fyrirtæki og stofnanir sem vilja halda utan um samninga og skjöl á skipulegan hátt. Lausnin veitir ítarlegt yfirlit yfir alla samninga, upplýsingar um þá svo sem stöðu, ábyrgðarmenn og gildistíma auk þess að tryggja rýni, öryggi og líftíma allra skjala tengt samningum.

Yfirlit yfir samninga og vinnusvæði

Contracts2Share er öflug lausn sem auðveldar utanumhald á samningum ásamt því að halda fullu öryggi á einstökum skjölum tengdum þeim.

Notendur hafa yfirsýn yfir atburði og verkefni sem tengjast hverjum samning sem og öllum samningum. Lausnin auðveldar notendum yfirsýn yfir stöðu og gang samninga innan fyrirtækisins. Starfsmenn geta einnig á einfaldan máta séð lista yfir þá samninga sem þeir bera ábyrgð á.



Ferlar og stjórnun samninga

Contracts2Share gerir notendum kleift að stofna samningsvæði og flokka skjöl undir hvert svæði. Hver samningur hefur ákveðinn líftíma, öryggi, ábyrgðarmann, einkvæmt númer, tegund og aðrar upplýsingar sem skipta máli fyrir líftíma samningsins. Öflugt en auðvelt samþykktar- og rýniferli tekur á allri stjórnun samninga og gerir það ferli skilvirkt og öruggt, t.d. með vöktun á gildistíma samninga. Aðgangi er stýrt með aðgangshópum inn á hvern samningsvef fyrir sig. Einnig er hægt að þrengja aðgang að ákveðnu efni innan samningsvæðisins.

Samningsvæði – allt á einum stað

Contracts2Share veitir starfsmönnum beinan aðgang að vinnusvæði hvers samnings.

Dæmi um upplýsingar sem skrá má fyrir hvert samningsvæði eru:

- Heiti samnings og lýsing
- Ábyrgðarmaður samnings
- Upphafs- og endadagsetningar
- Staða samnings

Auðvelt er að bæta við annarskonar upplýsingum tengt samningum.

Contracts2Share:

- Öll skjöl tengd samning á einum stað
- Góð yfirsýn yfir samninga og stöðu þeirra ásamt þeim rýni- og athugunarverkpáttum sem vinna þarf fyrir hvern samning
- „Mínir samningar“ sýnir eingöngu samninga sem viðkomandi starfsmaður vinnur með
- Tilbúnar skjalategundir og sniðmát
- Útgáfustýring skjala
- Samþykktar- og rýniferli
- Öflug aðgangsstýring
- Margar sýnir á skjölin sem gerir skoðun og leit að skjölum einfalda
- Öflug textaleit í innihaldi skjala
- Allt aðgengi í gegnum vefskoðara
- Öflug tenging við Office forrit
- Möguleg samtenging við Microsoft Dynamics CRM
- Skalanleg lausn frá einfaldri Windows SharePoint Services útfáfu upp í fullkomna og ítarlega útfærslu í Microsoft Office SharePoint Server



TM Software

Contracts2Share gerir notendum mögulegt að halda til haga öllum þeim skjölum, atburðum og verkefnum sem tengjast samningum á einn stað á staðlaðan hátt. Hver samningur hefur sitt eigið vinnusvæði þar sem skjöl tengd samningnum eru vistuð, tengiliðir eru skráðir og vörður settar. Vinnusvæðin eru byggð á sniðmátum sem má aðlaga að þörfum hvers samnings og jafnvel hafa fleiri en eina tegund í notkun samtímis.

Hægt er að senda sjálfvirkar áminningar til úrlausnaraðila/skráningaraðila eftir ákveðinn tíma ef ekki er búið að vinna í ákveðnu verkefni tengd samningnum fyrir ákveðin tíma.

Leit

Þrátt fyrir gott aðgengi að skjölum með sýnum á skjalasöfnin og listana þá koma upp þau tilfelli að leita þurfi að ákveðnum skjölum og upplýsingum. **Contracts2Share** er með innbyggða textaleit sem leitar í innihaldi skjala og lista samningsins.

Tengingar við Office forrit


Gögn sem vistuð eru á **Contracts2Share** má á einfaldan hátt samhæfa með Microsoft Outlook sem þýðir að hægt er að skoða gögnin þaðan og í flestum tilfellum bæta við og breyta þeim. Dæmi um gögn sem má samhæfa eru:

- Skjöl
- Tengiliðir (contacts)
- Fundir og aðrir atburðir (calendar events)
- Mál og verkþættir (tasks)

Mismunandi útgáfur

Grunnuppsetning **Contracts2Share** er byggð á Windows SharePoint Services, þ.e. þjónustu sem fylgir Windows Server 2003 og 2008.

Contracts2Share er einnig hægt að byggja ofan á Microsoft Office SharePoint Server 2007, MOSS, og bætast þá við ýmsir möguleikar varðandi verkferli, aðgang að efni og vefpörtum, leit og fleira.



*„Með **Contracts2Share** fæst gott yfirlit og aðgengi að þeim samningum sem eru í gangi hjá fyrirtækinu hverju sinni, stöðu þeirra og ábyrgðaaðilum. Rýna þarf samninga á ákveðnum dagsetningum af mörgum aðilum og sér gáttin um að minna þá aðila á að komið sé að slíku. Það er gert með fyrirfram skilgreindum verkferlum í kerfinu.“*

Emil Hilmarsson Deildarstjóri Upplýsingatæknimála Norðuráls

